### Stöð 2

15.30 **Myrkraverk.** Echoes in the Darkness. Sannsöguleg kvikmynd í tveimur hlutum sem byggð er á samnefndri metsölubók Joseph Wambaugh. Fyrri hluti. Aðalhlutverk: Peter Boyle, Stockard Cahnning, Gary Cole og Peter Coyote.
17.00 **Santa Barbara.**
17.45 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd um hetjuna Garp og félaga.
18.05 **Kjallararokk.** Fersk blanda af tónlistarmyndböndum.
18.35 **Frá degi til dags.** Day by Day. Gamanmyndaflokkur. Aðalhlutverk: Doug Sheehan, Linda Kelsey og C.B. Barnes.
19.19. 19.19 Fréttum, veðri, íþróttum og þeim málefnum sem hæst ber hverju sinni gerð skil.
20.30 **Evrópa 1992.** Umsjón Jón Óttar Ragnarsson
20.40 **Dallas.** Bandarískur framhaldsmyndaflokkur.
21.35 **Hringiðan** Frísklegur, lifandi og skemmtilegur íslenskur umræðuþáttur um íslensk málefni. Umsjón: Helgi Pétursson.
22.35 **Dómarinn.** Night Court. Harry Stone er dómari sem á það til að vera heldur kærulaus.
23.05 **Fjalakötturinn. Kvikmyndaklúbbur Stöðvar 2. Orrustuskipið Potemkin.** The Battleship Potemkin. Þessi víðfræga kvikmynd er af mörgum talin tímamótaverk sovéska leikstjórans Sergei Eisenstein enda boðberi nýrrar kvikmyndastefnu sem verið hefur fyrirmynd margra seinni tíma leikstjóra. Leikstjóri Sergei Eisenstein.
0.20 **Dagur sjakalans.** The Day of the Jackal. Mögnuð spennumynd byggð á samnefndri metsölubók Frederick Forsyth. Aðalhlutverk: Edward Fox, Michel Lonsdale, Alan Badel, Eric Porter og Cyril Cusack. **Stranglega bönnuð börnum.**
**2.40 Dagskrárlok.**

### Sjónvarpið

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Ítölskukennsla fyrir byrjendur (9). – Buongiorno Italia (25 mín.). 2. Algebra (6). – Keilusnið (10 mín).
17.50 **Töfraglugginn.** Endursýning frá sl. miðvikudegi.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Yngismær (34).** (Sinha Moa). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.20 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Brageyrað.** Þriðji þáttur. Þáttur um íslenskt mál. Umsjón Árni Björnsson. Stjórn upptöku Kristín Björg Þorsteinsdóttir.
20.45 **Á fertugsaldri.** (thirtysomething). Bandarískur myndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.35 **Íþróttahornið.** Fjallað verður um íþróttaviðburði helgarinnar og kastljósinu beint að landsmótum í knattspyrnu víðs vegar um Evrópu.
22.00 **Nýja línan.** Vetrartískan '89 og '90. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.30 **Sýkn eða sekur** (Punishment without Crime, The Ray Bradbury Theatre). Aðalhlutverk Donald Pleasence, Lynsey Baxter og Peggy Mount. Maður nokkur er dæmdur til dauða fyrir morð á eiginkonu sinni þótt margt sé á huldu um afdrif hennar. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
23.00 **Ellefufréttir.**
23.10 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
23.30 **Dagskrárlok.**

### Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Sigurður Sigurðarson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Haraldur G. Blöndal. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Mörður Árnason talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Heilsuhornið.** Halldóra Björnsdóttir leiðbeinir hlustendum um heilbrigði og hollustu. Morgunleikfimi verður í lok þáttarins.
9.30 **Íslenskt mál.** Endurtekinn þáttur frá laugardegi sem Jón Aðalsteinn Jónsson flytur.
9.40 **Búnaðarþátturinn** – Um starfsemi Landssambands kanínubænda. Árni Snæbjörnsson ræðir við Auðun Hafsteinsson, formann sambandsins.
10.00 **Fréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Stiklað á stóru um hlutleysi,** hernám og hervernd. Sjöundi þáttur. Umsjón: Pétur Pétursson. (Einnig útvarpað á miðvikudagskvöld kl. 21.00.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá mánudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Mörður Árnason flytur.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Dánarfregnir. Auglýsingar.
13.00 **Í dagsins önn** – Umhverfismál í brennidepli. Umsjón: Steinunn Harðardóttir.
13.30 **Miðdegissagan:** Turninn útá heimsenda eftir William Heinesen. Þorgeir Þorgeirsson les þýðingu sína. (10)
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags kl. 3.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Endurtekið frá deginum áður.)
15.25 **Lesið úr forustugreinum bæjar- og héraðsfréttablaða.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Meðal annars verður lesin draugasagan Brúðguminn og draugurinn og Jakob S. Jónsson les úr þýðingu sinni á framhaldssögunni Leifur, Narúa og Apúlúk eftir Jörn Riel. (3). Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Sibelius og Rachmaninoff. 18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.32 **Um daginn og veginn.** Þórður Kristinsson prófstjóri talar.
20.00 **Litli barnatíminn** – Lækjarlontan, smásaga eftir Sigríði Eyþórsdóttur. Sigríður Eyþórsdóttir les.
20.15 **Barokktónlist.**
21.00 **Atvinnulíf á Vestfjörðum.** Umsjón: Kristján Jóhann Guðmundsson. (Frá Ísafirði)
21.30 **Útvarpssagan:** Gargantúi eftir Francois Rabelais. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Baldvin Halldórsson les. (6)
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Samantekt um dauðaskilgreiningu og líffæraflutninga.** Umsjón: Sigrún Stefánsdóttir. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 15.03.)
23.10 **Kvöldstund í dúr og moll** með Knúti R. Magnússyni.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

### Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Úr myrkrinu, inn í ljósið. Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Bibba í málhreinsun. 9.03 Morgunsyrpa. Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Stóra spurningin kl. 9.30, hvunndagshetjan kl. 9.50, neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Bibba í málhreinsun kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin og málið.** Ólína Þorvarðardóttir fær þjóðarsálina til liðsinnis í málrækt.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Sigrún Sigurðardóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Jón Atli Jónasson og Sigríður Arnardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Lyt og lær. Sjöundi þáttur dönskukennslu á vegum Bréfaskólans. (Einnig útvarpað nk. fimmtudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 5.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Hennýju Hermannsdóttur danskennara sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi mánudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson.
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Lísa var það,** heillin. Lísa Pálsdóttir fjallar um konur í tónlist.
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Á gallabuxum og gúmmískóm.** Leikin lög frá sjötta og sjöunda áratugnum.

### FM 98,9 Bylgjan

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Fréttir af veðri, færð og samgöngum, kíkt í blöðin, neytendamál.
9.00 **Páll Þorsteinsson** við hljóðnemann. Létt spjall og tónlist. Vinir og vandamenn.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.15 **Valdís Gunnarsdóttir** spjallar við hlustendur og spilar rólega og fallega tónlist. „Dagskrárstjóri í tíu mínútur". Fólk í fréttum og fleira skemmtilegt.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson** leikur nýjustu tónlistina, spjallar við tónlistarfólk og er með ýmsar uppákomur.
19.00 **Snjólfur Teitsson** í kvöldmatnum.
20.00 **Ágúst Héðinsson.** Tónlist og létt spjall. Hvað er að gerast?
22.00 **Frostrósir.** Pétur Steinn Guðmundsson með mannlegu hliðina upp. Tekið á viðkvæmum málum, gestir í hljóðstofu.
24.00 **Inn í nóttina** með Freymóði T. Sigurðssyni.

Fréttir eru á klukkutímafresti frá 8–18.

### Stjarnan FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í spjalli og leigubílaleikurinn á sínum stað kl. 7.30.
11.00 **Sigurður Sturluson.** Ný tónlist en þessi gömlu góðu heyrast líka. Hádegisverðarleikur Stjörnunnar og VIVA-STRÆTÓ kl. 11.30.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Mikið af nýrri tónlist. Þú vinnur þér alltaf inn eitthvað hjá Sigga. Síminn er 622939.
19.00 **Ekkert kjaftæði – Stanslaus tónlist.**
20.00 **Kristófer Helgason.** Tónlistin er ný, fersk og vönduð. Kristó gluggar í stjörnuspeki.
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt sem segir sex. Björn leikur óskalögin þín við vinnuna eða svefninn.

### Útrás FM 104,8

16.00 **MS.**
18.00 **FB.**
20.00 **MH.**
22.00 **MR.**
1.00 **Dagskrárlok.**

### FM 95,7

7.00 **Arnar Bjarnason.** Morgunhaninn á F.M. býður fyrirtækjum upp á brauð og kökur með kaffinu.
10.00 **Ívar Guðmundsson.** Nýtt og gamalt efni í bland við fróðleiksmola.
13.00 **Jóhann Jóhannsson.** Gæðapopp og óskalög ráða ríkjum.
16.00 **Sigurður Ragnarsson.** Hress, kátur og birtir upp skammdegið.
19.00 **Gunný Mekkinoson.** Frumlegheitin ráðandi.
22.00 **Ragnar Már.** „Eru menn ófúsir til að taka undir?"
1.00 **Lifandi næturvakt.**

### Útvarp Hafnarfjörður FM 91.7

18.00–19.00 **Menning á mánudegi.** Listafólk tekið tali o.fl.

### FM 90,9 Aðalstöðin

7.00 **Bjarni Dagur Jónsson.** Morgunmaður Aðalstöðvarinnar. Fréttatengt efni, viðtöl og ljúf tónlist.
9.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Þægileg tónlist blönduð ýmsum fróðleik.
12.00 **Hádegisútvarp.**
13.00 **Gunnlaugur Helgason.** Ljúf tónlist í dagsins önn.
16.00 **Fréttir með Eiríki Jónssyni.**
18.00 **Íslensk tónlist** að hætti Aðalstöðvarinnar.
19.00 **Anna Björk Birgisdóttir.**
22.00 **Undir fjögur augu.** Umsjón Bjarni Dagur Jónsson.

### Sky One

5.30 **Viðskiptaþáttur.**
6.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
10.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
10.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
11.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
12.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
12.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
13.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.45 **Loving.**
15.15 **Young Doctors.** Framhaldsflokkur.
16.00 **Poppþáttur.**
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **The New Price is Right.** Spurningaleikur.
18.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
19.00 **Alf.** Gamanmyndaflokkur.
20.00 **Washington Mistress.** Kvikmynd.
22.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

### Sky Movies

14.00 **Hoiroshima Maiden.**
15.30 **Beware of the Jabberwock.**
16.00 **G.I. Joe – The Movie.**
18.00 **Golden Pennies.**
20.00 **I Know My First Name is Steven, part 1.**
22.00 **Death Wish 4: The Crack Down.**
23.45 **Zoltan, Hound of Dracula.**
01.30 **Secret Admirer.**
04.00 **The Pick-Up Artist.**

### Eurosport

9.00 **Rugby.** Nýja-Sjáland–The Barbarians.
10.00 **Skautar.** Heimsmeistarakeppni kvenna í Berlín.
11.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattaspyrna eins og hún gerist best.
13.00 **Skíði.** Mót í Bandaríkjunum. Liður í heimsmeistarakeppninni.
14.00 **Rugby.** Nýja-Sjáland–The Barbarians.
15.00 **Tennis.** Ladies Master Tennis sem fram fer í Essen.
16.30 **Rall.**
17.00 **Fimleikar.** Stórmót í Austur-Þýskalandi.
18.00 **Íshokkí.** Leikur í bandarísku atvinnumannadeildinni.
20.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á helstu viðburði liðinnar viku.
21.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
22.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
23.00 **Rall.** Heimsmeistarakeppnin í startholum.
23.30 **Íshokkí.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.

### Screensport

7.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
9.00 **Wide World of Sport.**
10.00 **Golf.** Inside the PGA.
10.30 **Íþróttir í Frakklandi.**
11.00 **Powersport International.**
12.00 **Kanadíski fótboltinn.**
14.00 **Kappakstur.** Atlanta 500.
16.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
18.00 **Tennis.** Virginia Slims. Úrslit.
19.30 **Spánski fótboltinn.** Barcalona–Real Sporting.
21.15 **Hnefaleikar.**
22.45 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
23.45 **Íþróttir á Spáni.**
24.00 **Hnefaleikar.**



**Gyða Dröfn Tryggvadóttir sér um sjómannaþáttinn Blítt og létt.**

## Rás 2 kl. 19.32:

# Blítt og létt

Sjómannaþátturinn Blítt og létt er á dagskrá rásar 2 fimm daga vikunnar. Í þættinum eru leikin óskalög sjómanna á hafi úti og rætt við þá um aflabrögð og veðurfar.

Lesið er úr blöðum um nýjungar í sjávarútvegi, aflafréttir og ýmislegt fleira sem sjómenn varðar. Þátturinn er síðan endurtekinn í næturútvarpi klukkan 3.00 þannig að báðar vaktirnar eiga að geta heyrt hann. Umsjónarkona þáttarins er Gyða Dröfn Tryggvadóttir.

-Pá

## Rás 1 kl. 22.30:

# Um dauðaskilgreiningu

Samantekt um dauðaskilgreiningu og líffæraflutninga í umsjá Sigrúnar Stefánsdóttur.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um spurninguna hvort eigi að viðurkenna heiladauða sem jafngildan hjartadauða en áður var gengið út frá því að þegar hjartað hætti að slá væri um dauða að ræða.

Umræða um dauðaskilgreiningu hefur aukist að undanförnu vegna líffæraflutninga en hingað til hafa Íslendingar einungis verið þiggjendur. Nýlega var skipuð nefnd sem á að búa til frumvarp til laga um nýja dauðaskilgreiningu vegna líffæraflutninga. Það er Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri í heilbrigðisráðuneytinu sem veitir nefndinni forstöðu og í þættinum ræðir Sigrún við hann.

Ennfremur verður rætt við lækni, prest og hjúkrunarkonu sem starfað hefur á dönsku sjúkrahúsi við að fylgja sjúklingum með heiladauða í líffæraflutninga.

-Pá



**Sergei Eisenstein, af þýskum gyðingaættum, talinn einn mesti leikstjóri allra tíma.**

## Stöð 2 kl. 23.05:

# Orrustuskipið Potemkin

Þessi víðfræga kvikmynd sovéska leikstjórans Sergeis Eisenstein er af mörgum talin tímamótaverk enda Eisenstein álitinn boðberi nýrrar kvikmyndastefnu sem verið hefur fyrirmynd margra leikstjóra síðan.

Eisenstein þótti snillingur í að gæða umhverfi sitt nýju lífi á tjaldinu. Hann hvarf frá hefðbundinni kvikmyndatöku og sýndi hlutina frá nýju og þaulhugsuðu sjónarhorni. Í myndinni er hið umtalaða Odessaatriði sem líklega er eitt frægasta atriði kvikmyndasögunnar og um leið það sem oftast hefur verið stælt.

Þar lýsir Eisenstein því hvernig saklausir borgarar eru stráfelldir í blóðugum bardaga. Atriðið gerist raunverulega á einni mínútu en með því að skjóta inn áhrifamiklum kvikmyndabútum lengir Eisenstein það í um fimm mínútur.

Eisenstein gerði myndina árið 1925. Handbók Halliwells gefur henni fjórar stjörnur og telur hana meistaraverk. Myndin var kjörin besta mynd sem nokkru sinni hefði verið framleidd, árin 1948 og 1958.

-Pá